

Tilkynningarskyld verk

1. Tilgangur

Að tryggja að löggiltum rafverktökum sé kunnugt um hvaða verk eru tilkynningarskyld og að þeirri skyldu sé sinnt.

2. Ábyrgð

Löggiltur rafverktaki ber ábyrgð á að ákvæðum verklagsreglunnar sé fylgt.

3. Tilkynningarskyld verk

Auk nýlagna skal rafverktaki tilkynna allar meiriháttar breytingar á raflögnum.

Meiriháttar breytingar eru t.d.:

- Stækkun á húsnæði, eða breytingar að því marki að samþykki þurfi til þess hjá viðkomandi byggingarnefnd og raflögn sé lögð í það. Einnig sambærilegar breytingar, þó svo að þær séu á svæðum þar sem ekki er krafa um samþykki byggingarnefnda.
- Allar nýjar töflur svo og öll töfluskipti og stækkun á töflum, t.d. vegna breyttrar mælingar og/eða aukinnar notkunar. Hér er átt við aðaltöflur og greinitöflur.
- Starfsemi í atvinnuhúsnæði er breytt.
- Vélasamstæður settar upp og/eða raflögn eldri véla endurnýjuð. Hér er m.a. átt við vélasamstæður svo sem flæðilínur í frystihús, frystipressur og vélar til atvinnureksturs, þó svo að aflþörf þeirra sé ekki mikil.
- Lagnir í rýmum sem tekin eru í notkun eftir að nýúttekt annarra rýma húsnæðisins fór fram, s.s. stofur, kjallarar, bílgeymslur ofl.
- Endurnýjun meirihluta raflagnar, t.d. dregnar nýjar taugar í pípum, skipt um rofa og tengla, fjarlægðar fittingslagnir og lagðir nýir strengir.
- Rafbúnaður vatnshitunartækja endurnýjaður (t.d. rafskautakatlar, hitatúpur o.fl.).
- Rafbúnaður fyrir lyftur endurnýjaður og/eða honum breytt.
- Vararafstöð tengd við veituna, eða rafbúnaður hennar endurnýjaður eða endurbættur.
- Uppsetning eða breyting á neonljósaskiltum og öðrum stærri ljósaskiltum
- Uppsetning eða breyting á loftræstikerfum.
- Uppsetning eða breyting á hleðslulausnum fyrir rafbíla.